

Tengiliður:
Vala Valtýsdóttir
Vala.valtysdottir
@deloitte.is

Breytingar á
tekjuskattslögum
með lögum nr.
46/2009

CFC reglur,
eftirgjöf skulda
vegna nauða-
samnings ekki
tekjur,
upplýsingaskylda
um viðskipti
erlends félags,
frestun gildistöku
breytingu á 15.
gr. tekjuskatts-
laga

Punkturinn

3. tbl., maí 2009

CFC reglur og fleiri breytingar á tekjuskattslögum

Þann 15. apríl síðastliðinn samþykkti Alþingi breytingar á tekjuskattslögum nr. 90/2003, sem meðal annars innleiða almennar CFC reglur í fyrsta sinn í íslensk lög.

Breytingarnar taka gildi við álagningu árið 2011 vegna tekjuársins 2010.

CFC reglurnar, sem útlistaðar eru í 57. gr. a., vísa til CFC-löggjafar (CFC = Controlled Foreign Corporation) um *skattlagningu vegna íslensks eignarhalds á lágskattasvæðum*. Í greinagerð með frumvarpi segir að markmið slíkrar löggjafar sé að hamla gegn skattasniðgöngu og er því með lögum nú komið á sköttun innlendra skattaðila vegna hagnaðar erlendra félaga í eigu þeirra á lágskattasvæðum.

Samkvæmt ákvæðinu eru allir skattaðilar sem eiga beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágskattaríki skyldir til að greiða **tekjuskatt** af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn. Skattskyldan á einnig við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Framangreint er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Eignarhald íslenskra skattaðila þarf að vera lágmark helmingur, sbr. 3. mgr. ákvæðisins; eða
- Stjórnunarleg yfirráð yfir hinu erlenda fyrirtæki hafi verið til staðar innan tekjuárs, og
- Erlendi lögaðilinn sé með heimilisfesti í lágskattaríki.

Skilgreiningin á lágskattaríki er skv. 2. mgr. ákvæðisins að ríki eða lögsagnarumdæmi þar sem tekjuskattur af hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar er lægri en tveir þriðju hlutar af íslenskum tekjuskatti á félög, sjóði og stofnanir. Þannig eru ríki með undir 10% tekjuskattshlutfall á fyrirtæki talin vera lágskattaríki í skilningi laganna. Vert er að benda á að miðað við CFC reglur í Noregi og Finnlandi myndi Ísland með 15% skatthlutfall á tekjur lögaðila teljast til „lágskattaríkis“.

Tekjur sem hljóttast af eignarhaldi eða áhrifum í hinu erlenda félagi eru þá skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi.

Undanþága frá skattskyldunni er veitt í 4. mgr. ákvæðisins annars vegar ef félag, sjóður eða stofnun fellur undir tvísköttunarsamning milli Íslands og lágs kattaríkisins. Hins vegar gildir undanþága einnig ef félag, sjóður eða stofnun er stofnsett og skráð í öðru EES-ríki og hefur þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi og tvísköttunarsamningur er í gildi á milli landanna. Hin síðarnefnda undanþága vekur upp spurningar um brot á EES-reglum enda virðist hún fela í sér mismunun á milli landa.

Aðrar breytingar voru þær í fyrsta lagi að staðfest er í 28. gr. tekjuskattslaga að eftirgefnar skuldir vegna nauðasamnings til greiðsluáðlögunar teljast ekki til tekna.

Þá voru gerðar breytingar á 94. gr. laganna þar sem aðilum sem eiga minnst helming eignarhalds eða stjórnunarlegt yfirráð í dótturfélagi eða útibúi í öðru ríki er gert skylt að veita upplýsingar um viðskipti dótturfélagsins eða útibúsins við aðila skattskylda skv. I. kafla og félög, sjóði og stofnanir í lágs kattaríkjum sem 1. mgr. 57. gr. a laganna tekur til. Þá er fjármálafyrirtækjum, endurskoðendum, lögmönnum og öðrum aðilum skylt að halda sérstaka skrá yfir þá viðskiptavinum sína sem þau veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu, sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild viðskiptavinanna að rekstri félaga, sjóða eða stofnana sem skráð eru erlendis eða eignir þar. Er þeim skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá er þau beiðast þess. Ákvæðum annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu er gert að víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.

Í þriðja lagi er frestað gildistöku breytingu á 15. gr. tekjuskattslaganna um meðferð söluhagnaðar af fasteignum sem ekki er heimilt að fyrna til ársins 2010.

Virðisaukaskattur

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 2009 í máli nr. S-285/2009

Fyrir dóm Héraðsdóms kom kæra ákærvalds vegna rangra skila málningarmeistara á virðisaukaskatti árin 2006 og 2007. Á tímabilinu stóð hann ýmist ekki skil á röngum virðisaukaskattsskýrslum eða skilaði ekki inn virðisaukaskattsskýrslum.

Vangoldinn virðisaukaskattur var reiknaður 60.074.773,-.

Maðurinn játaði brot sitt greiðlega og var það, ásamt því að hann hafði ekki áður sætt refsingu, virt honum til málsbóta.

Brot ákærða taldist varða við 1. mgr. 262. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995. Refsing var ákveðin fangelsi í 11 mánuði, skilorðsbundin í tvö ár samkvæmt 57. gr. hegningarlaga. Þá var maðurinn dæmdur til að greiða sekt í samræmi við 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt með hliðsjón af refsilágmarki svo að nemi tvöfaldri vanskilafjárhæð.

Ákærvaldið
(Eyjólfur
Ármannsson
fulltrúi) gegn
Sverri Pétri
Péturssyni
(Brynjólfur
Eyvindsson hdl.)

Refsimál – röng
skil á virðisauka-
skatti

○ Mál nr. 366/2009, álit nefndar vegna skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi

● *Umrædd tillaga að breytingu á skattalögum felld brott ásamt tengdum greinum*

○ Tvísköttunar-samninga-viðræður við Quatar

○ 4 samningar við Bermúda

● *Upplýsingamiðlun sem koma á í veg fyrir skattaundanskot*

Lagafrumvarp

Breytingar á skattalögum tekjuskattslögum mál nr. 366/2009,

Í framhaldi af umfjöllun Punktisins í síðasta tölublaði um þingmál nr. 366 um breytingar á tekjuskattslögum nr. 90/2003 hvað skattlagningu vaxta greiðslna úr landi varðar, er vert að geta þess að í umfjöllun nefndar um málið var ákveðið að fella greinina brott ásamt tengdum greinum.

Nefndin taldi athugasemdir umsagnaraðila, þ. á m. Viðskiptaráðs, fulltrúa orkufyrirtækja og Deloitte, gefa tilefni til að skoða betur hvaða áhrif 1. gr. frumvarpsins um vaxtagreiðslur úr landi gætu haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé. Athugasemdirnar lutu að því að innlendir skuldarar myndu á endanum bera skattbyrðina þar sem í flestum lánasamningum eru svonefnd „gross-up“ ákvæði um að lántakinn beri endanlega ábyrgð á staðgreiðslu sem lögð er á vexti á Íslandi. Af hálfu umsagnaraðila kom fram, andstætt álit nefndarinnar í annarri umræðu málsins, að tvísköttunarsamningar girtu ekki í öllum tilvikum fyrir að skatturinn legðist á hinn erlenda lánveitanda og væri á endanum borin af innlendum lántakanda.

Í ljósi núverandi efnahagsaðstæðna taldi nefndin að best væri að fella 1. gr. brott úr frumvarpinu ásamt tengdum greinum og lagði áherslu á að haldið yrði áfram að loknum kosningum að leita leiða sem tryggt geta íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í vaxtagreiðslum úr landi.

Tvíhliða samningar Íslands

Ísland og Quatar

Ísland og Quatar hófu tvísköttunarsamningaviðræður þann 21. apríl 2009. Frekari upplýsingar um samninginn verða kynntar síðar.

Ísland og Bermúda

Sendiherra Íslands og Bermúda undirrituðu fjóra skattasamninga þann 16. apríl síðastliðinn í Washington:

- Samning um upplýsingaskipti varðandi skattamál. Samningurinn fylgir OECD módelinu um upplýsingaskipti í öllum aðalatriðum;
- samning um að koma í veg fyrir tvísköttun fyrirtækja sem reka flutninga með skipum eða loftförum á alþjóðlegum flutningsleiðum;
- samning um aðgang að sameiginlegum samningsleiðum í tengslum við ákvörðun hagnaðar tengdra fyrirtækja; og loks
- samning um að koma í veg fyrir tvísköttun einstaklinga.

Samningurinn var hluti af átaki Norðurlandanna um samningagerð við lágskattasvæði um upplýsingamiðlun sem koma á í veg fyrir skattaundanskot þegna Norðurlandanna. Áður hafa Norðurlönd gert sambærilega samninga við Mön, Jersey, Guernsey og Cayman eyjum. Samningaviðræður eru langt komnar við Bresku Jómfrúareyjarnar, Arúba og Hollensku Antillaeyjarnar.

[Home](#) | [Security](#) | [Legal](#) | [Privacy](#)

Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Iceland

© 2009 Deloitte Touche Tohmatsu.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu and its member firms.